



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Kristján Þór Júlíusson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Húsavík, 9. mars 2021
nr. erindis KPM

EFNI: Ósk um reglugerðarbreytingu svo úthluta megi sértækum byggðakvóta til Kópaskers á grundvelli byggðaátaksverkefnisins Brothættar byggðir; Öxarfjörður í sókn

Til samræmis við ákvæði fyrstu gr. reglugerðar um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnslu skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða óskar Norðurþing eftir því að ráðherra búi svo um hnúta að samstarf komist á milli Norðurþings og Byggðastofnunar um að auknum byggðakvóta verði útdelt á Kópaskeri.

Byggðaátaksverkefnið Öxarfjörður í sókn er nú senn að líða undir formleg lok og þótt ýmislegt jákvætt hafi áunnist með því verkefni er augljóst að staðan í Öxarfirði og á Kópaskeri er áfram um margt veik í efnahagslegu- og atvinnulegu tilliti. Norðurþing hefur tekið forustu umfram mörg önnur sveitarfélög og ráðið starfsmann verkefnisins í fullt starf til áframhaldandi verkefni, sem atvinnu- og samfélagsfulltrúi svæðisins. Sama var gert á Raufarhöfn þegar byggðaverkefnið leið undir lok þar. Það er fulltrúum sveitarstjórnar Norðurþings afar mikilvægt að leita allra leiða til frekari eflingar byggðar á svæðinu og fjölgun atvinnutækifæra í öllum atvinnugreinum, sérstaklega þeim sem hafa löngum verið skilgreindir sem grunnatvinnuvegir sveitarfélagsins.

Próun í sjávarútvegi hvað varðar aflaheimildir innan sveitarfélagsins er dapurleg lesning. Byggðakvótaúthlutun til byggðarlaganna Húsavíkur og Kópaskers er næsta engin, en á báðum stöðum má öll útgerð muna fífil sinn fegurri, svo ekki dýpra sé tekið í árina. Sjávarútvegur í Norðurþingi hefur orðið fyrir skakkaföllum á síðastliðnum árum, tekjusamdráttur orðið og minni verðmætasköpun. Nægir að nefna brotthvarf Vísis hf. frá Húsavík árið 2014 þegar um 60% af aflaheimildum staðarins hurfu á einu bretti, án nokkurrar íhlutunar stjórnvalda í kjölfarið. Að auki seldu margir smærri aðilar sinn kvóta burtu, sem gerðist á sama tíma og allur byggðarkvóti var að hverfa frá Húsavík. Útgerðaraðilum og bátum sem sækja veiðar frá ofangreindum stöðum hefur því fækkað til mikilla muna á undanförunum tveimur áratugum og nýliðun nær engin.



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Byggðaátaksverkefninu „Raufarhöfn og framtíðin“ lauk með formlegum hætti árið 2018, en við uppgjör þess verkefnis kom í ljós hversu miklu máli það skipti að treysta byggðina með auknum aflaheimildum inn í byggðarlagið í formi sértæks byggðakvóta Byggðastofnunar. Nú eru sértækar aflaheimildir á Raufarhöfn 500 tonn sem fiskverkun GPG hefur nýtt til að treysta undirstöðu vinnslu í plássinu og heilsársatvinnu hefur verið að fá hjá fyrirtækinu síðan þeir samningar voru gerðir.

Þeir útgerðaraðilar sem hafa látið að sér kveða innan sveitarfélagsins sl. ár hafa eðlilega kvartað sáran yfir því að enginn byggðakvóti er lengur til staðar á Húsavík og næsta enginn á Kópaskeri. Öflugur útgerðaraðili, Dodda ehf heldur á aflaheimildum sem hann veiðir og landar innan sveitarfélagsins, en útgerðaraðilinn myndi gjarnan vilja gera út frá Kópaskeri og landa þar afla sem vinna mætti innan sveitarfélagsins á Húsavík eða Raufarhöfn, eða jafnvel setja upp litla harðfiskvinnslu á staðnum. Horft hefur verið til nýtingar hluta svokallaðra „Gefluhúsa“ við höfnina í þessu tilliti.

Í ljósi ofangreinds og umfjöllunar á fundi byggðarráð 11. mars sl. fer Norðurþing þess á leit við ráðherra nú við lok byggðaátaksverkefnisins Öxarfjörður í sókn, að hann beiti sér raunverulega fyrir því að sértækum byggðakvóta megi útdeila til útgerðaraðila á Kópaskeri undir sambærilegum formerkjum og gert hefur verið á Raufarhöfn með góðum árangri í byggðarlegu tilliti. Undirritaður óskar hér með formlega eftir fundi með ráðherra um málið.

Virðingarfyllt,
f.h. Norðurþings

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri